

sekt til Landhelgisjórðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá verður samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 30. okt. 1948 sætti refsídómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og afli, er innanborðs voru í v/s Áspór N. S. 9, upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgisjórð Íslands.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 350.00.

Í prófgerðum málsins er gerð grein fyrir drætti þeim, sem orðinn er á máli þessu, og telst því rekstur þess vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Gunnþór Einarsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði 74000 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/s Áspór N. S. 9 skulu upptæk og andvirðið renna til Landhelgisjórðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, héraðsdómslögmanns Erlends Björnssonar, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1950.

Nr. 38/1948. **Sigurbjörn Björnsson** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Jóni Ásmundssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur úrskurðinum til Hæstaréttar með stefnu 9. apríl 1948, krefst þess, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að svo stöddu, að kröfu um ómerkingu verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu hefur verið deilt um skilning á leigumati, er yfirhúsaleigunefnd framkvæmdi 8. maí 1947 á íbúð þeirri í húsinu nr. 31 við Bragagötu, er stefndi vill láta bera áfrýjanda út úr. Hefur áfrýjandi mótmælt gerðum yfirhúsaleigunefndar og krafist þess, að þær verði að engu hafðar í málinu. Borgarfégetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, á sæti í yfirhúsaleigunefnd og tók þátt í leigumatinu. Bar honum því svo og fulltrúa hans að víkja úr dómarasæti í máli þessu, sbr. 36. gr., 4. tl., og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins hinn 6. marz 1948, er munnlegur málflutningur fór fram, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins hinn 6. marz 1948, er munnlegur málflutningur var háður, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 18. marz 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 6. þ. mán., hefur gerðarbeiðandi, Jón Ásmundsson, Bragagötu 31, krafist þess, að gerðarþoli, Sigurbjörn Björnsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft til afnota í ofanefndu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Aðiljar hafa hver um sig krafist málskostnaðar.

Var málið lagt undir úrskurð fógætaréttarins.

Gerðarþoli hefur undanfarið búið í 2 herbergjum og eldhúsi í húsinu nr. 31 við Bragagötu, eign gerðarbeiðanda, Jóns Ásmundssonar. Hin umdeilda íbúð var löguð til íbúðar sumarið 1946, en áður var þar þurrkloft. Aðiljum ber saman um, að gerðarþoli skyldi að mestu leyti annast sjálfur nefnda breytingu á húsnæðinu, en skriflegur samningur liggur ekki fyrir um leiguréttarsamband aðiljanna.

Gerðarbeiðandi ritar fógætaréttinum hinn 14. júní s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði sínu. Hafi gerðarþoli flutt inn í íbúðina í júlímánuði 1946, en hafi ennþá enga leigu greitt, og telur gerðarbeiðandi þetta stórkostleg leiguvanskil, sem útburði ættu að varða. Hann skýrir svo frá, að þeir aðiljarnir hafi samið um 300 króna mánaðarleigu, en ekki hafi verið ráðið, hvort leiga skyldi greiðast fyrirfram eða eftirá. Þá kveður gerðarbeiðandi, að kostnaður sá, sem leiddi af breytingu húsnæðis þessa til íbúðar, skyldi leigugreiðslum óviðkomandi, enda kveðst hann alltaf hafa gengið út frá því.

Gerðarþoli skýrir þannig frá málavöxtum, að ekki hafi verið um það rætt, þegar hann tók húsnæðið á leigu, hve leiga skyldi vera mikil, en hann kveðst hafa rætt um það atriði í jan. 1947, og hafi gerðarbeiðandi þá talað um kr. 300.00 á mánuði. Gerðarþoli kveður, að svo hafi verið um samið, að kostnaður sá, sem leiddi af innréttingu húsnæðisins, skyldi dragast frá leigugreiðslum, og skyldi hann sjálfur leggja til ca 65 plötur af trétexi og allmarga battingsplanka, sem hann átti, svo og eigin vinnu sína, endurgjaldslaut. Þá kveðst gerðarþoli hafa óskað þess, meðan stóð á þessari vinnu, að um þetta allt yrði gerður skriflegur samningur, en af því hafi ekki orðið, þar sem gerðarbeiðandi færðist undan því, en gerðarþoli kveðst alltaf hafa treyst því, að kostnaðurinn við verkið skyldi dreginn frá leigukröfum gerðarbeiðanda. Gerðarþoli kveðst hafa flutt inn í hina umdeildu íbúð í júlí 1946, en íbúðin hafi þó ekki verið fullger fyrir en í septembermánuði s. á.

Það er upplýst í málinu, að sumarið 1946 krafði gerðarbeiðandi gerðarþola um leigu.

Hinn 3. febr. 1947 fer fram mat húsaleigunefndar á hinn umdeildu íbúð, og er hæfileg grunnleiga metin kr. 85.00 á mánuði, sjá rskj. 6. Þá fer fram mat yfirhúsaleigunefndar hinn 8. maí 1947, og er þá talin hæfileg grunnleiga kr. 135.00 á mánuði, sjá rskj. 5.

Gagnkröfur þær, sem gerðarþoli kveðst eiga á hendur gerðarbeiðanda, nema samtals kr. 7248.69, og hefur gerðarþoli lagt fram reikninga fyrir þeirri upphæð, sbr. rskj. 4. Gerðarbeiðandi lýsti því yfir hér í réttinum, að hann gæti ekki tekið afstöðu til réttmætis þessara reikninga, en hins vegar er því haldið fram af hans hálfu, að það atriði skipti litlu máli, og er rskj. 4 mótmælt sem þýðingarlausu í máli þessu, sérstaklega þar sem bersýnilegt sé samkvæmt leigumatsgerðunum, að tekið hafi verið tillit til þess, sem gerðarþoli á sínum tíma lagði fram til innréttingar húsnæðisins, og enn fremur sé rétt að líta svo á, að gerðarþoli eigi það efni, sem

lagt er til innréttingarinnar, og sé það gerðarbeiðanda allsendis óviðkomandi.

Umboðsmaður gerðarpóla mótmælir undir munnlegum flutningi málsins matsgerðum húsaleigunefndar og yfirhúsaleigunefndar sem röngum og þýðingarlausum, ef þær eigi að skiljast svo, að þar sé tekið fullt tillit til þess kostnaðar, sem gerðarþoli hafði af innréttingu húsnæðisins fram yfir það, sem umsamið var, að hann legði þar fram. Bendir hann einnig á, að gerðarpóla hafi ekki verið gefinn kostur á að vera við matsgerð yfirhúsaleigunefndar. Umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því hins vegar, að þessi mótmæli umboðsmanns gerðarpóla verði tekin til greina, þar sem þau séu of seint fram komin, og véfengir þá staðhæfingu, að gerðarpóla hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur matsgerðina.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur alls enga leigu greitt, frá því að hann kom í hið umdeilda húsnæði. Rétt þykir að leggja þann skilning í leigumatsgerð yfirhúsaleigunefndar, að þar sé tekið tillit til þess, sem gerðarþoli hefur lagt til innréttingar húsnæðisins.

Þykir gerðarþoli því hafa gerzt sekur um slík vanskil á leigu, að rétt má telja að leyfa framgang gerðarinnar, en hins vegar ber að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. nóvember 1950.

Nr. 19/1950. **Ellí- og hjúkrunarheimilið Grund**

(Magnús Thorlacius)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fasteignagjald til bæjarsjóðs. — Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með